

Reykjavík, 6. febrúar 2018
R18020040

Borgarráð

Starfshópur um þarfagreiningar vegna skólabygginga í Reykjavík

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um þarfagreiningar vegna skólabygginga í Reykjavík eru lögð fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að gera ráðgefandi tillögur um hvaða breytingar þurfi að gera í Melaskóla, Hagaskóla, Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Laugarnesskóla svo húsnæðið og aðbúnaður teljist góður til skóla- og frístundastarfs, hæfi fjölbreyttu starfi og stuðli að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um þarfagreiningar vegna skólabygginga í Reykjavík.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um þarfagreiningar vegna skólabygginga í Reykjavík

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að gera ráðgefandi tillögur um hvaða breytingar þurfi að gera í Melaskóla, Hagaskóla, Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Laugarnesskóla svo húsnæðið og aðbúnaður teljist góður til skóla- og frístundastarfs, hæfi fjölbreyttu starfi og stuðli að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna.

Helstu verkefni:

- Fara yfir fyrirbyggjandi gögn um:
 - Núverandi og áætlaðan fjölda nemenda (þar með talið tillit til þéttingar byggðar), m.a. í ljósi hugsanlegrar byggingar nýrra skóla í nærliggjandi hverfum, s.s. í Vatnsmýri
 - Núverandi húsnæði og hvernig það stenst viðmið um kennslu samkvæmt aðalnámskrá, vinnuaðstöðu nemenda og starfsfólks (t.d. heilbrigðis og vinnueftirlit) og viðmið um fermetrafjölda í grunnskóla- og frístundstarfi.
 - Eldri og fyrirbyggjandi tillögur um viðbætur/endurbætur á húsnæðinu.
- Kortleggja leiðir til samnýtingar húsnæði og hagkvæmni til að ná ofangreindum markmiðum. s.s. hugsanlega leigu eða kaup húsnæðis í grennd við viðkomandi skóla, en ekki aðeins breytingar eða nýbyggingar
- Greina þörf fyrir viðbætur/endurbætur miðað við fyrirséðan nemendafjölda og viðmið um húsnæði.
- Gera tillögur að valkostum á ofangreindum grunni.
- Gera kostnaðaráætlun.

Starfshópurinn skipa:

Rúnar Gunnarsson, umhverfis- og skipulagssviði (formaður).

Daníel Benediktsson, skóla- og frístundasviði.

Fulltrúi tölfraði- og rannsóknarteymis skóla- og frístundasviðs.

Óli Jón Hertervig, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Starfsmaður:

Dagný Helgadóttir, umhverfis- og skipulagssviði. Starfshópurinn hefur jafnframt heimild til að ráða verkstjóra gerist þess þörf.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu og hafi samráð við haghafa. Tillögur að frumhönnun verði kynntar skólastjórum og skólaráði viðkomandi skóla.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir 15. maí 2018.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson